

FRÁSÖGN

af 131. þingi Alþjóðáþingmannasambandsins (IPU) og tengdum fundum í Genf 12.–16. október 2014.

Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefndar IPU sótti fundinn Ásmundur Einar Daðason, varaformaður, Birgitta Jónsdóttir og Valgerður Gunnarsdóttir, auk Örnú Gerðar Bang, ritara Íslandsdeildar. Helstu mál á dagskrá voru jafnrétti kynjanna og baráttan gegn ofbeldi gegn konum í heiminum, fjárfestingar í ljósi sjálfbærrar þróunar og hlutverk þjóðþinga við að ná jafnvægi milli þjóðaröryggis og frelsis einstaklingsins. Enn fremur fór fram utandagskrárumræða um ebólu-faraldurinn og hvernig þjóðþing aðildarríkja IPU geti brugðist við útbreiðslu hans. Um 1.410 þátttakendur sóttu þingið, þar af um 707 þingmenn frá 147 ríkjum og 47 þingforsetar.

Tólflús-hópurinn, sem er samstarfsvettvangur vestrænna lýðræðisríkja, hittist að venju flesta morgna meðan á þinginu stóð. Formaður hópsins, Robert del Picchia frá Frakklandi, stýrði fundunum í síðasta sinn og tók belgíski þingmaðurinn, François-Xavier de Donnée við sem formaður hópsins á síðasta fundardegi. Fulltrúar Tólflús-hópsins í framkvæmdastjórn IPU kynntu helstu niðurstöður funda stjórnarinnar sem haldnir voru 10. og 11. október sl. og funda stjórnarnefndar Tólflús-hópsins sem haldinn var í París í september sl. Rætt var um kosningu nýs formanns IPU sem fara átti fram á lokadegi þingsins, 16. október sl. Valið stóð á milli fjögurra umsækjanda frá Ástralíu, Banglades, Malaví og Indónesíu og kynntu þeir sig á fundi Tólflús-hópsins og svöruðu spurningum nefndarmanna.

Við setningu 131. þings IPU á 125 ára afmælisári samtakanna flutti forseti IPU, Abdelwahad Radi, ávarp þar sem hann sagðist sérstaklega ánægður með yfirskrift þingsins þar sem jafnrétti kynjanna og baráttan gegn kynbundnu ofbeldi væri í forgrunni. Hann sagði jafnrétti kynjanna vera forsendu framfara, friðar og öryggis, upprætingu fátæktar og sjálfbærrar þróunar. Valdaójafnvægi kynjanna stuðli að ofbeldi gegn konum hvar sem er í heiminum og gegn því þurfi að berjast og fordæma harðlega.

Níu tillögur að neyðarályktun voru lagðar fram við upphaf þingsins en aðeins er hægt að taka fyrir eitt mál utan dagskrár á hverju þingi samkvæmt reglum IPU. Tillaga Belgíu og Zambíu um hlutverk þjóðþinga við að bregðast tafarlaust og kröftuglega við ebólufaraldrinum og vinna að lagasetningu sem tryggir árangursrík viðbrögð og viðbúnað við útbreiðslu ebólu varð fyrir valinu. Í ályktun þingsins voru aðildarríkin hvött til að leggja til nauðsynlegt fjármagn auk mannafla til lækningar og skipulagsstarfa. Þá voru ríki Afríku hvött til að auka meðvitund almennings varðandi sjúkdóminn, þróa heilbrigðis- og siðareglur og vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum gegn frekari útbreiðslu. Ályktun þingsins endurspegladi málefni umræðunnar og var samþykkt.

Almenn umræða fór fram um stjórnmalalegt, efnahagslegt og félagslegt ástand í heiminum undir yfirskriftinni jafnrétti kynjanna og baráttan gegn ofbeldi gegn konum í heiminum. Birgitta Jónsdóttir tók þátt í umræðunni fyrir hönd Íslandsdeildar. Birgitta sagðist stolt af landi sínu þegar kæmi að jafnréttismálum og að Ísland væri meðal fremstu ríkja á heimsvísu í þeim málum, þó enn sé margt sem betur megi fara. Þá sagði Birgitta heiminn sífellt verða stjórnlausari og flóknari. Því séu sterk og heilbrigð samfélög sem byggja á gildum lýðræðis besta mótefnið gegn alræðisstefnu og spillingu. Hún sagði mikilvægt að gera sér grein fyrir að sams konar innleiðing lýðræðis henti ekki alls staðar og nauðsynlegt sé að horfa með gagnrýnum augum á viðtekin stjórnmalakerfi þar sem ýmsar stofnanir séu úreltar. IPU þurfi að fjalla sérstaklega um hugmyndafræði lýðræðis og komast að sameiginlegri niðurstöðu sem raunhæft sé að innleiða í aðildarríkjunum. Þá lagði Birgitta áherslu á mikilvægi þess að samtökin leggi minni áherslu á að velja menn og málefni eftir landfræðihópum og meiri á að

uppfylla grunnregildi IPU sem heild. Að lokum hvatti Birgitta til þess að IPU samþykkti ríki án ríkisfangs sem áheyrnaraðila að samtökunum og nefndi í því sambandi Kúrdistan, Sómalíland og útlagastjórnina í Tíbet.

Fastanefndirnar þrjár tóku fyrir fram ákveðin mál til umfjöllunar. Í 1. nefnd, um frið og alþjóðleg öryggismál, var haldin sérstök umræða um framkvæmd ályktunar IPU frá árinu 2008 um hlutverk þjóðþinga við að ná jafnvægi milli þjóðaröryggis, öryggi einstaklingsins og frelsi einstaklingsins án þess að ógna lýðræði. Birgitta Jónsdóttir sat í panel um efnið og opnaði umræðurnar sem sérfræðingur um tjáningar- og einstaklingsfresli, auk þess sem hún svaraði spurningum nefndarmanna. Birgitta lagði áherslu á að eins og málum væri háttað í dag væru notendur samskiptavefja á internetinu ekki lagalega varðir og breyting þyrfti að verða þar á. Hún sagði nauðsynlegt að stuðlað yrði að bættu lagaumhverfi fyrir notendur internetsins. Eins og staðan væri í dag gæti hver sem er lent í þeim aðstæðum að tengjast „glæp“. Hún hafi upplifað það á eigin skinni þegar hún var meðframleiðandi að myndbandi sem sýndi morð á óbreyttum borgurum í Íraksstríðinu. Samskiptamiðlar á internetinu eins og Facebook væru sérstaklega varasamir þar sem allar aðgerðir, persónuleg skilaboð og upplýsingar eru skráðar og engin lög eru til um eyðingu þessara gagna. Nauðsynlegt væri fyrir lýðræðisríki að bregðast við þessu ástandi sem allra fyrst. Þá fór fram umræða í nefndinni um vígbúnað á internetinu (cyberwar) og tók Birgitta þátt í þeim. Hún gagnrýndi m.a. að áhersla væri lögð á hernað en ekki þjóðaröryggi í umræðum um efnið. Þá áréttaði hún að Edwards Snowden, fyrrverandi starfsmanns leyniþjónustu Bandaríkjanna, sé uppljóstrari en ekki njósnari eins og formaður nefndarinnar hafði nefnt hann en nauðsynlegt sé að greina skýrt þar á milli.

Í 2. nefnd, um sjálfbæra þróun, efnahags- og viðskiptamál, fóru fram skoðanaskipti um umræðuefni ályktunar sem fyrirhugað er að afgreiða á vorþingi IPU í Hanoi og ber yfirskriftina Nýjar leiðir að bættu kerfi við stjórnun vatns. Þá var tekin ákvörðun um að skipuleggja sérstakan fund um efnið á vorþingi IPU í Hanoi 2015.

Birgitta Jónsdóttir tók þátt í störfum 3. nefndar, um lýðræði og mannréttindi, og lagði fram tillögu að umræðuefni og ályktun fyrir næsta ár undir yfirskriftinni Lýðræði á tímum internetsins og ógnir við friðhelgi og einstaklingsfrelsi. Birgitta kynnti tillöguna á fundi framkvæmdastjórnar nefndarinnar en valið stóð á milli sjö tillagna sem allar voru kynntar á fundinum. Í framhaldinu var tekin ákvörðun um að tillaga Birgittu yrði fyrir valinu sem næsta umræðuefni nefndarinnar og hún skipuð annar tveggja höfunda ályktunar um málið. Fyrirhugað er að undirbúningur við vinnu ályktunarinnar hefjist á vormánuðum 2015 auk þess sem forseti IPU mun tilnefna annan höfund ályktunarinnar innan skamms. Er þetta í fyrsta sinn sem Íslendingur gegnir stöðu ályktunarhöfundar fastanefndar IPU. Birgitta lagði í máli sínu áherslu á að ef friðhelgi nyti ekki við væri lýðræði ekki virkt. Hún vísaði jafnframt til ályktunar á grundvelli máls hennar sem samþykkt var á ráðsfundi IPU í nóvember 2011. Mál Birgittu hefur verið til umfjöllunar hjá mannréttindanefnd IPU sem hefur m.a. fjallað um það út frá tjáningarfrelsi sem hornstein lýðræðis.

Ráð IPU kom tvisvar saman á þinginu og afgreiddi fjölda mála. Aðildarríki IPU eru nú 166. Forseti IPU kynnti yfirlýsingu framkvæmdastjórnar þar sem fordæmd er útbreiðsla hryðjuverka og öfgastefna og lýsir yfir að friður og rósemd séu nauðsynlegar forsendur fyrir stöðugleika og friðsamari framtíð. Að lokum var kosinn nýr formaður IPU í stað Radi sem gegnt hefur embættinu síðan 2011. Kosningin stóð á milli fjögurra fulltrúa og varð þingmaðurinn Chowdhury frá Bangladesh fyrir valinu. Nefnd um mannréttindi þingmanna kynnti skýrslur um brot gegn mannréttindum þingmanna og samþykkti ráð IPU fjölmargar ályktanir á grundvelli þeirra. Næsta vorþing verður haldið í Hanoi 28. mars – 2. apríl 2015. Þá var samþykkt að vorþing 2016 yrði haldið í Lusaka í Zambíu 19.–23. mars.

Samhliða haustþingi IPU fór fram ráðstefna ungra þingmanna þar sem Birgitta sat í pallborði og ræddi m.a. um frumkvöðlastarf í sköpun nýrra stjórnmalaflokka. Þá átti Ásmundur Einar fund með landsdeild Mongólíu þar sem rætt var um jarðhita- og landbúnaðarmál ríkjanna.

Frekari upplýsingar má nálgast á nefndasíðu og á vefsvæðinu: <http://www.ipu.org/>.

